

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

609. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. ágúst 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Erindi Landsnets hf.
2. Dagskrá 17. Ársþings SSNV.
3. Fundargerð 107. fundar fræðsluráðs Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Landsnets hf. en þar er óskað samþykkis sveitarstjórnar Húnaþings vestra fyrir uppsetningu og rekstri veðurmælingastöðvar fyrirtækisins á Austurárdalshálsi, í landi Efra-Núps. Meðfylgjandi erindinu er leyfi landeigenda fyrir uppsetningu og rekstri veðurmælingastöðvarinnar. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
2. Fram lögð til kynningar dagskrá 17. Ársþings SSNV sem haldið verður í Skagafirði 21. og 22. ágúst nk.
3. Fram lögð fundargerð 107. fundar fræðsluráðs Húnaþings vestra frá 12. ágúst sl. Byggðarráð samþykkir vísa fundargerðinni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Fram lögð gögn frá fyrirtækinu 2012-Nýtt upphaf en þar er óskað eftir því að undirrituð verði viljayfirlýsing milli sveitarfélagsins og fyrirtækisins um gerð samnings sem felir m.a. í sér samstarf um rafbílavæðingu, nýtingu vistvænnar orku og uppsetningu rafpósta og hraðhleðslustöðva fyrir notendur rafbíla. Byggðarráð samþykkir að undirrita viljayfirlýsingu þessa efnis.
5. Fram lagt bréf félagsmálastjóra þar sem mælt er með því að Tryggva Jóhannssyni, Stóruborg-Ytri verði úthlutað íbúð fyrir aldraða í Nestúni. Byggðarráð samþykkir að úthluta Tryggva íbúðinni.
6. Byggðarráð samþykkir að auglýsa íbúðina að Hvammstangabraut 16 efri-hæð til sölu.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:25.

Elín R. Línadal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).